

Reykjavík 31. mars 2014

Alþingi
Nefndasvið
150 Reykjavík

Tilvísun: 201403-0002/0.06.06

Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur ríkissjóðs, þingskjal 588-306. mál.

Í ofangreindu frumvarpi er gert ráð fyrir því í XXXV. kafla laganna (53-54. gr.) að 49. og 74. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinustöðum skuli breytt á þá leið að allar tekjur Vinnueftirlits ríkisins skv. gjaldskrá, hvort sem þar er um að ræða markaðar tekjur og aðrar rekstrar tekjur eða sértekjur skuli renna til ríkissjóðs.

Vinnueftirlitið gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Markaðar tekjur og rekstrartekjur Vinnueftirlitsins

Allar tekjur Vinnueftirlitsins sem undir þetta falla eru til komnar vegna unninna verka, þ.e. verkefni er framkvæmt og reikningur gefinn út. Með fyrirhugaðri breytingu yrði þannig rofið sambandið á milli kostnaðar sem til fellur og tekna sem á móti koma. Erfitt verður þá fyrir stofnunina að bregðast við þörf fyrir aukna þjónustu, t.d. vegna umfangsmikilla framkvæmda við virkjanir og stóriðju.

Ekki hafa verið vandamál í þá veru að rekstrartekjur eða markaðar tekjur Vinnueftirlitsins hafi safnast fyrir í bundnu eigið fé.

Þessar tekjur og gjöld sem fara til öflunar þeirra eru vanáætlaðar um a.m.k. 50 m.kr. í greinargerð með frumvarpinu þar sem umfang verkefna er nú í reynd töluvert meira en fjárlög gera ráð fyrir.

2. Lagfæra þarf texta frumvarpsins þannig að hefðbundnar sértekjur falli ekki undir ákvæði þess

Fram kemur í greinargerð að ekki er með frumvarpinu ætlunin að sértekjur stofnana falli undir ákvæði þess.

Hjá Vinnueftirlitinu er um að ræða tekjur v. námskeiða og annarrar fræðslu, mælinga á vinnustöðum o.fl. en þetta eru verkefni sem stofnunin hefur ekki lögvarin einkarétt á og falla því ekki undir markaðar tekjur eða rekstrartekjur. Í greinargerðinni um XXXV. kafla sem

fjallar um Vinnueftirlitið eru þessar tekjur ekki meðtaldar í þeirri upphæð sem gert er ráð fyrir að falli beint í ríkissjóð. Lagatextinn sjálfur er hins vegar í mótsögn við þetta því þar eru allar tekjur stofnunarinnar felldar undir sama hatt. Þetta þarf að leiðrétta.

Lokaorð

Frumvarpið myndi hafa umtalsverð áhrif á starfsemi Vinnueftirlitsins ef að lögum yrði. Rofið yrði það samhengi sem nú er á milli tekna og útgjalda við verkefni sem fjármögnuð eru með mörkuðum tekjum og rekstrartekjum og þannig verður minni sveigjanleiki til að bregðast við þörfum sem upp koma á mismunandi tímum. Þannig myndu möguleikar stofnunarinnar til að stuðla að öryggi við t.d. meiriháttar verklegar framkvæmdir minnka frá því sem nú er. Við hvetjum því til þess að vandlega verði farið yfir þetta mál áður en lögum verður breytt í þessa veru.

Verði það engu að síður niðurstaðan óskum við eftir leiðréttingu á XXXV. kafla frumvarpsins þannig að hefðbundnar sértekjur okkar stofnunar falli ekki undir ákvæðin, sbr. skýringar að ofan.

Virðingarfyllst

Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri